

Konungsúrskurður
um sjerstakan íslenskan fána.

Nr. 68.
22.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,
Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer
allramildilegast úrskurðað þannig:

Fyrir Ísland skal löggildur vera sjerstakur fáni. Gerð hans skal ákveðin með nýjum
konungsúrskurði, þegar ráðherra Íslands hefur haft tök á að kynna sjer óskir manna
á Íslandi um það atriði. Þennan fána má draga á stöng hvervetna á Íslandi og íslensk
skip mega sigla undir honum í landhelgi Íslands. Þó er það vilji Vor, að á húsi eða
lóð stjórnarráðs Íslands sje jafnframt dreginn upp hinn klofni dannebrogsfáni á ekki
óveglegri stað nje rírari að stærð heldur en íslenski fáninn.

Þessi Vor allra hæsti úrskurður skerðir að engu rjett manna til að draga upp
dannebrogsfánann eins og að undanfögnu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

H. Hafstein.